

Fanney D. Halldórsdóttir, sviðsstjóri Fræðslu- og frístundasviðs
cc. Stefán Eiríkur Stefánsson, Umsjónarmaður fasteigna Framkvæmdasviði
Hrund A. Guðmundsdóttir, aðstoðarmaður sviðsstjóra

Hafnarfirði 14.3.2019

Vegna rekstrarviðhalds húsnæðis og lóðar Víðistaðaskóla.

Nr. 1 Gardínur í hátíðarsal skólans voru áætlaðar hluti af stofnbúnaði þegar húsnæðið var tekið í notkun en fylgdu ekki með sökum efnahagsástands á þeim tíma. Það er mikilvægt að fá þessar gardínur til að geta nýtt salinn betur. Það er ekki hægt að nota skjávarpa eða tjald þegar of bjart er. Gardínur verja salinn gegn kulda því heill veggur í salnum er gler upp á tvær hæðir og hefur það áhrif á hljóðvist í salnum sem er til skoðunar hjá Heilbrigðiseftirlitinu. Það glymur mikið í salnum og magnast hávaði þar og er mikið kvartað undan því af nemendum og starfsmönnum. Ekki er sanngjarnt að þessi kostnaður verði dreginn af rekstri eða viðhaldi skólans. En áætlað er að kostnaður við gardínurnar geti farið í um 7.000.000 ef keyptar eru rafdrifnar rúllugardínur.

Nr. 2 Loftaklæðning á göngum í háhúsi kr. 3.000.000. Þetta hefur ekki verið framkvæmt samkvæmt stöðlum. Loftaklæðningin er ónýt.

Víðistaðaskóli

Mála þarf nauðsynlega eftirfarandi í Víðistaðaskóla og laga dúka á gólfum.

A-hús 2. Hæð gangur, stofur, í hólfi og gólf

A-hús 1. Hæð gangur og stofur,

D- gangur – gangur og stofur. Gólf – veggir – loft.

Engidalsskóli

Mála þarf allt innanhúss enda ekki verið málað í 20 ár. Mála þarf stjórnunarálm, ganga og stofur.

Smíðastofa í Engidal er ónothæf þar sem loftræsting er engin og tæki gömul og ónýt. Vantar öryggishlífar og fleira þannig að þau standast ekki öryggisreglur. Þessari stofu hefur nú þegar verið lokað og er hún ekki notuð til kennslu.

Með kærri kveðju

Hrönn Bergþórsdóttir, skólastjóri

Jón Birgir Þorvaldsson, umsjónarmaður fasteigna